

## **Félagsfundur Hestamannafélagsins Spretts 6. apríl 2017.**

Fundur hófst kl. 20:00

Fundarstaður: Samskipahöll Spretts

Dagskrá fundarins er:

1. Reiðvegamál – kynning á aðal- og deiliskipulagsbreytingum fyrir Heiðmörk og Sandahlíð (Grunnuvatnaleið)
2. Umhverfismál – umgengni, fegrún umhverfis o.fl.
3. Mannvirki – umgengni í reiðhöllum, hringgerði o.fl.
4. Önnur mál

1. Varaformaður félagsins, Hermann Vilmundarson bauð félagsmenn velkomna og setti fundinn.

2. Hermann leggur til Daníel Gunnarsson sem fundarstjóra og Helgu Hermannsdóttur sem fundarritara. Samþykkt einróma.  
Daníel tók við fundarstjórn.

3. Halldór Halldórsson formaður reiðveganefndar tók til máls. Hann kynnti að tillaga að breytingu á aðal- og deiliskipulagi Garðabæjar gerir ráð fyrir því að land sem tilheyrir Heiðmörk innan Garðabæjar og svæði Skógræktarfélags Garðabæjar í Sandahlíð verði skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Gert er ráð fyrir breytingum á legu útivistarstíga og reiðstíga. Korti var varpað upp þar sem Halldór útskýrði breytingarnar.

4. Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri hjá Garðabæ tók til máls. Aðal- og deiliskipulag fyrir Heiðmörk var komið langt 2007 svo kom hlé en er núna komið á síðasta stig. Arinbjörn fór yfir breytingar á korti sem var varpað upp.

### **Heiðmörk og Sandahlíð. Tillaga að deiliskipulagi.**

Tillagan hefur það markmið að fá heildstæðara og markvissara skipulag fyrir svæðið sem verndar- ræktunar- og útivistarsvæði. Gildi svæðisins sem slíks verður styrkt með því að skilgreina skógræktarsvæði fyrir útivistarskóg, afmarka útivistarsvæði þar sem

Lítill útilífsmiðstöð verður staðsett, afmarka áningarstaði m.a. með nestis- og grillaðstöðu, sýna lagfæringu á Heiðmerkurvegi og á línuveginum og skilgreina bílastæði. Skilgreindir eru göngu-, hjóla- og reiðstígar sem tengja saman mismunandi svæði til að bæta aðgengi almennings og styrkja gildi svæðisins til fjölbreyttrar útivistar. Einnig á deiliskipulagið að taka tillit til þeirrar verndunar sem í gildi er á skipulagssvæðinu og tryggja verndun náttúru- og menningarminja.

Tillögur að breytingu aðalskipulags Garðabæjar hefur verið auglýst.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 10.mars til og með 21.apríl 2017.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 21. apríl 2017.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

<http://www.gardabaer.is/forsida/skipulagsmal/skipulagsmal/2017/03/09/Auglysing-um-skipulag-og-skipulagsbreytingar-i-Gardabae/>

Halldór formaður reiðveganefndar tók aftur til máls. Í máli hans kom fram að Hestamannafélagið Sprettur / reiðveganefnd mundi skila inn athugasemdum.

Fyrirspurn úr sal:

Hvenær byrja framkvæmdir á reiðvegum?

Arinbjörn svaraði: Þegar búið væri að samþykkja aðal- og deiliskipulag og staðfesta það, þá væri gefið út framkvæmdaleyfi. Framkvæmdir væru ekki á fjárhagsáætlun 2017 spurning hvort framkvæmdir gætu hafist 2018

5. Sigurður Tyrfingsson tók til máls. Hann fór yfir umhverfis- og mannvirkjamál.

Umhverfisnefnd fór um svæðið á Kjóavöllum og tók út umgengni o.fl. Það kom verulega á óvart hvað umgengni er góð og er yfirhöfuð til fyrirmyndar fyrir utan nokkra aðila sem þurfa að taka sig á. Sprettur hefur verið að gera átak í fegrun umhverfis Kjóavalla og stefnir að því að gera enn betur.

Gróðursetningarátak var síðastliðið haust og alveg fram í miðjan desember, talsvert magn af grenitrjám voru gróðursett, myspli og reynitré. Áætlað er að hafa gróðursetningardag þegar nær dregur vori og klára það sem byrjað var á. Stefnt er á annað gróðurátak haustið 2017.

Þrýst hefur verið á sveitarfélögin Kópavog og Garðabæ að gera betur í umhverfismálum á Kjóavöllum, sérstaklega umhverfi næst íbúðabyggð t.d gatnagerð innan hverfa, gróðursetningar o.fl.

Ýmsar hugmyndir hafa komið upp t.d að gróðursetja aspir sem yrðu gróðursettar frá hringtorginu við Vífilsstaðaveg og niður Markaveg, beggja vegna og eins mætti gera svipaða innkomu inn í Andvarahverfið og Heimsenda. Ein hugmynd er að félagar í Spretti taki að sér sinn trjálund, gróðursetji og hlúi að honum. Önnur hugmynd kom upp að eigendur húsa við Andvaravelli útbúi lítil fallega uppsett og skipulögð beitarhólf norðan megin við akveg, gróðursett yrði trjábelti meðfram þessum hólfum sem snýr út að Vífilstaðavegi. Eigendur gerðu þetta á sinn kostnað og fengu sérafnotarétt af þessu hólfum, eða þangað til að ný hús verða hugsanlega byggð á staðnum.

Þetta mætti gera víða og hefði fordæmisgildi fyrir aðra á Sprettis svæðinu til að fegra, bæta ásýnd og nýtast mönnum í leiðinni. Sprettur vill hvetja hesthúsaeygendur til að hlúa að umhverfi húsa sinna t.d með gróðri o.fl.

Það er mikill áhugi og metnaður í Spretti að byggja upp fallegt og skjólgott svæði með samtakamætti félagsmanna í Spretti, sveitarfélaganna Garðabæ og Kópavogs og annarra. Stefnan er að gera Kjóavellina að flottasta og eftirsóttasta hestamannasvæði á landinu.

Umhverfis og hreinsunardagur er þann **18. apríl n.k kl 17.00 – 19.00.**

6. Önnur mál:

Arinbjörn fær aftur orðið og kynnir nýjar lóðir í hverfinu. Garðabær gerð áhugakönnun og það voru 26 aðilar sem sýndi áhuga. Næsta skref er að haldin verður fundur með þessum aðilum til að kanna hvort þeir vilja fylgja umsóknum eftir. Tvær neðstu göturnar eru 26 hús, jafn mörg og aðilar sem sýndu áhuga. Það á eftir að finna aðferð til að raða niður umsækjendum en ein aðferð gæti verið að þeir sem sækja fyrst um fái hús neðst.

Spurt var um umferð, markmiðið er að skilja að bílaumferð og reiðstíga. Bílaumferð frá Andvara yfir í Samskipahöll er hugsuð fyrir ofan nýjar lóðir ekki í gegnum hverfið.

Hermann Vilmundarson sleit fundi kl. 21:30 og þakkaði fundarmönnum fyrir komuna.